



Grein Bjarna Benediktssonar um Pétur Ottesen

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Forsætisráðherra

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmaálamaðurinn
Askja 2-36, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gæin Dý. Benediktssonar, fors. rch. um Pétur Ottesen.
Send Hershöni Pálssyni 10/6 '69. F. —

Því er oft haldið fram, að menn verði fhalds-
samari og þröngsýnni með aldrinum. Þetta átti
ekki við um Pétur Ottesen. Sjálfur sagði hann
í sínu merka útvarpsviðtali hinn 1. desember
1968, nokkrum dögum áður en hann dó, að hann
teldi sig hafa verið nokkuð þröngsýnan á yngri
árum. Á þeim árum ~~þá~~ var það og haft í flimting-
um, að snemma á búskaparárum sínum hefði hann
minnkað íbúðarhúsið á Ytra-Hólmi, er hann tók
við af föður sínum. Til þess voru raunar þegar
þær ástæður nægar, að Oddgeir faðir Péturs hafði
haft verzlun heima að Ytra-Hólmi, en Pétur sinnti
ekki þeim störfum. Skýringin á breyttri húsa-
skipan, að svo miklu leyti sem einhver fótur kann
að vera fyrir henni, liggur því í augum uppi og
bendir öllu öðru fremur til þess, að hann hafi
snemma kunnað að sníða sér stakk eftir vexti.
En á þetta er minnst hér, vegna þess að á sínum
tíma var það haft á orði sem dæmi um þröngsýni
Péturs. Á Alþingi þótti Pétur og lengi vel á meðal
hinna fhaldssömustu um flest annað en frelsi og
sjálfstæði þjóðarinnar, ^{þeim efnum} þar var hann ætíð í
fremstu röð þeirra, er hraðast vildu sækja fram.

Eg þekkti Pétur raunar allt frá barnæsku
minni en kynntist starfsháttum hans og skoðunum
fyrst af eigin raun eftir ég var kosinn í miðstjórn
Sjálfstæðisflokksins og fór að sækja þingflokks-
fundi. Pétur hafði þá setið á Alþingi í meira en
tuttugu ár og rúman aldarfjórðung, þegar ég var
fyrst kosinn á þing. Hann hafði ~~þá~~ lengi verið í
röð áhrifamestu og virtustu þingmanna, eins og

marka má af því, sem vinur minn Jón Blöndal frá Stafholtsey sagði mér um 1930, að "karlarnir" efra þar/væru allir stoltir af að hafa Pétur fyrir þingmann, einnig þeir, sem ekki kysu hann. Samlyndi okkar Péturs var yfirleitt gott en þó kom fyrir, að skoðanir okkar féllu ekki saman og skarst þá stundum í odda. Mér gafst því kostur á að kynnast Pétri frá fleiri en einni hlið, oftast sem eindregnum meðhaldsmanni en á stundum sem hörðum andstæðingi um meðferð einstakra mála eða stefnu flokksins þegar mikinn vanda bar að höndum.

Pétur Ottesen var heilsteyptur^í vináttu sinni og allra manna trygglyndastur. Hann lét þó aldrei vinfengi ráða afstöðu til hugðarefna sinna, og þau voru mörg og margvísleg, miklu fleiri en hér verði talin. Að Magnúsi Guðmundssyni látnum var Pétur engum manni handgengnari en Olafi Thors, enda höfðu þeir marga hilda saman háð, og er mér nær að halda, að vinfengi þeirra hafi enn styrkst eftir því, sem árin færðust yfir þá, þótt stundum reyndi verulega á og fáleikar yrðu um hríð.

Fyrstu og raunar mestu flokksátök, sem urðu eftir að ég fór að sækja þingflokksfundi, voru um myndun Þjóðstjórnarinnar vorið 1939. Það þóf stóð mánuðum saman og mátti lengi ekki sjá, hvorir ofan á yrðu. Olafur og Pétur voru þar sama sinnis og báru sigur af hólmi, ég var þá ekki orðinn þingmaður en lagði skoðunum þeirra lið eftir mætti. Pétur var aftur á móti mjög andvígur Nýsköpunarstjórninni, sem Olafur beitti sér fyrir árið 1944, og fylgdi ég þá enn Olafi. Mér þótti

marka má af því, sem vinur minn Jón Blöndal frá Stafholtsey sagði mér um 1930, að "karlarnir" efra þar/væru allir stoltir af að hafa Pétur fyrir þingmann, einnig þeir, sem ekki kysu hann. Samlyndi okkar Péturs var yfirleitt gott en þó kom fyrir, að skoðanir okkar féllu ekki saman og skarst þá stundum í odda. Mér gafst því kostur á að kynna Pétur frá fleiri en einni hlið, oftast sem eindregnum meðhaldsmanni en á stundum sem hörðum andstæðingi um meðferð einstakra mála eða stefnu flokksins þegar mikinn vanda bar að höndum.

Pétur Ottesen var heilsteyptur^í/vináttu sinni og allra manna trygglyndastur. Hann lét þó aldrei vinfengi ráða afstöðu til hugðarefna sinna, og þau voru mörg og margvísleg, miklu fleiri en hér verði talin. Að Magnúsi Guðmundssyni látnum var Pétur engum manni handgengnari en Olafi Thors, enda höfðu þeir marga hilda saman háð, og er mér nær að halda, að vinfengi þeirra hafi enn styrkst eftir því, sem árin færðust yfir þá, þótt stundum reyndi verulega á og fáleikar yrðu um hríð.

Fyrstu og raunar mestu flokksátök, sem urðu eftir að ég fór að sækja þingflokksfundi, voru um myndun Þjóðstjórnarinnar vorið 1939. Það þóf stóð mánuðum saman og mátti lengi ekki sjá, hvorir ofan á yrðu. Olafur og Pétur voru þar sama sinnis og báru sigur af hólmi, ég var þá ekki orðinn þingmaður en lagði skoðunum þeirra lið eftir mætti. Pétur var aftur á móti mjög andvígur Nýsköpunarstjórninni, sem Olafur beitti sér fyrir árið 1944, og fylgdi ég þá enn Olafi. Mér þótti

það hinsvegar miður ráðlegt, að Pétur og fleiri skoðanabræður hans voru að nokkru sviftir trúnaðarstöðum í þágu flokksins á næstu misserum, en til þess lágu þau rök, að þeir lýstu yfir og fylgdu eftir fullri stjórnarandstöðu, þvert ofan í óskir yfirgnæfandi meiri hluta flokksins. Allt reyndist þetta stjórnarsamstarf miklum vandkvæðum háð eftir því sem á leið, og hafði ég fengið vaxandi vantrú á því áður en endanlega slitnaði upp úr. Þegar þar að kom haustið 1946, var Pétur Ottesen staddur norður í landi, hringdi ég þá til hans og man ég enn, hversu honum létti, og kvaðst hann mundu hraða för sinni suður til þings í því skyni að taka þátt í ráðagerðum um hvað framundan væri. Önnur saga er, að engin þörf reyndist á sérstökum hraða, því að við tók margra mánaða togstreita. Henni lauk ekki fyrr en í febrúar 1947 með samsteypustjórn Alþýðuflokks, Framsóknar og Sjálfstæðismanna undir forystu Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Að þeirri stjórn stóð Sjálfstæðisflokkurinn óskiftur að kalla en við litla hrifningu verulegs hluta þingflokksins. Í þessu þjarki vorum við Pétur sammála í meginatriðum. En því rek ég þetta, að þaðan í frá hefur aldrei orðið teljandi ágreiningur í flokknum um stjórnarmyndanir. Enda varð raunin sú, að frá 1956 höfðu Pétur Ottesen og aðrir talsmenn samstarfs við Framsóknarflokkinn sannfærst um, að svo mikið bæri á milli í hugsunarhætti, að ekki væri reynandi samstarf við hann fyrr en í þeim flokki yrði veruleg hugarfarsbreyting.

Þessi staðreynd er því athyglisverðari sem af mörgum áhugamálum Péturs Ottesens var velfarnaður íslenzks landbúnaðar honum tvímæla-
laust hjartfólgnastur. Óþarft er að nefna einstök dæmi því til sönnunar en minna má á samþykktina, sem hann fékk gerða um ráðstöfun mótvirðis-
sjóðsins svokallaða.

Landhelgismálið var og ætíð eitt af helztu hugðarefnum Péturs. Hann var á meðal hinna fyrstu, sem hefja vildu sókn í því og einbeindi sér um skeið að friðun Faxaflóa. Þegar þær fyrir-
ætlanir strönduðu á andstöðu Breta, fylgdi Pétur fast eftir þeim ráðstöfunum til útfærslu fiskveiði-
landhelginnar, sem hafnar voru fyrir atbeina Olafs Thors, er ákvað undirbúning málsins seint á ný-
sköpunar-árunum, og leiddu til 4 mflna landhelgi og friðunar flóa og fjarða á árinu 1957. Í seinni sóknarlotunni undir forystu Vinstri stjórnar-
innar á árinu 1958 óttaðist Pétur um skeið, að við sumir flokksbræður hans vildum fara of var-
lega, en sannfærðist um það, þegar við komum til valda á ný, að ráð okkar voru rétt og við réðum málinu farsælega til lykta að því sinni.

Hins vegar varð Pétur aldrei alveg ásáttur við það, að honum þótti ég hafa verið of linur í kröfugerð til Grænlands, þegar ég var utan-
ríkisráðherra. Hann lét þó kyrrt liggja, svo að ekki urðu varanlegar viðsjár okkar í milli.

Bindindis-áhugi Péturs var óhvikull. Honum var lítt gefið um áfengis-neyzlu í návíst sinni, þótt hann léti ekki á sig fá meðan í hófi var haft. En ég minnst þess, að eitt sinn á Landsfundí var fundarmönnum boðið að horfa á leikritið "Hver er hræddur við Virginu Woolf?" Aður en á leiksýninguna var farið, borðaði Pétur kvöldverð heima hjá mér ásamt nokkrum öðrum. Þegar

í leikhúsið kom skildu leiðir, en eftir leikhlé sá ég, að Pétur kom ekki í sæti sitt, og sagði hann mér daginn eftir, að slíka andstyggð hefði hann ekki viljað augum líta.

Í annað skifti vorum við Pétur saman í Noregs-ferð, fórum í "fótspor Egils Skallagrímssonar", eins og ferðin var kölluð. Að kvöldi dags sigldum við þá inn í þröngan fjörð, þar sem okkur var búin næturgisting á ágætu sumarhóтели. Hótel-eigandinn hafði komið á móti okkur og fræddi okkur um það á siglingunni, að byggð sín einangraðist að vetrarlagi. Sagði hann héraðsbúa þá gera sér það til afþreyingar í skammdeginu að brugga jóla-drykk, er þeir gæddu sér svo á um hátíðarnar. Pétur hlustaði þegjandi á en lét sér bersýnilega fátt um finnast. Útyfir tók þó, þegar hótelmaðurinn bauð okkur upp á drykk fyrir kvöldmatinn, og þáðum við hann flestir með þökkum, þreyttir eftir ferðavolk. Pétur gekk um yglur á svip og hreytti úr sér við mig litlum lofsorðum um gestgjafann. Segir svo ekki af því, fyrr en ég komst á stjá á skaplegum fótaferðatíma morguninn eftir. Þá kom Pétur til mín, ljómandi á svip og í bezta skapi og varð að orði eitthvað á þessa leið: "Ég hefði átt að skamma þennan heiðursmann meira í gærkvöldi. Annan eins mann hefi ég sjaldan fyrir hitt." Síðan hélt hann áfram í sama dúr og var saga hans sú, að þegar Pétur kom á fætur eldsnemma morguns,

var hóteleigandinn, sem einnig var helzti bóndi byggðarinnar, kominn upp á undan honum. Tóku þeir þá tal saman, skoðuðu mörg fjós og fóru inn til a.m.k. einnar bóndakonu og þáðu þar kaffi og tilheyrandi veitingar.

Pétur taldi það hafa staðið sér fyrir þrifum, að hann hefði ekki hlotið næga menntun á æskuárum. Hann fór aldrei dult með takmarkandir sínar og hafði þann sið á Alþingi, a.m.k. lengi framtíð, að fara í smiðju til þeirra, er hann hélt sér fróðari um formleg efni, og leitaði aðstoðar þeirra um form tillagna sinna. Vék hann oft en einu sinni að því við mig á seinni árum, að í þeim efnum hefði enginn reynst sér betur í upphafi en Einar Arnórsson og kvaðst mikið hafa af honum lært. Þetta lýsir báðum vel, því að Pétur var kosinn á þing í harðri andstöðu við "langsum"-lausn Einars á deilunni um staðfestingu stjórnarskrárbreytingarinnar 1915, en þann skoðanamun hefur hvorugur sett fyrir sig. Öllum er það raunar til lofs að leita aðstoðar sér fróðari manna, en margháttað lífsreynsla hafði fyrir löngu bætt úr skorti Péturs á skólalærdómi. Landsfundarmenn Sjálfstæðisflokksins minnst með ánægju fundarstjórnar Péturs á lokafundum margra Landsfunda, þegar hann með frábærum skörungskap og glöggskyggni í úrskurðum fékk mál til lykta leidd á tilsettum tíma. } Óþreytandi ferðahugur Péturs átti vafalaust ríkan

þátt í að auka honum víðsýni. Á yngri árum og fram yfir miðjan aldur fór Pétur víða um land til hrossakaupa. Mér stendur það enn fyrir hugskotssjónum hve Pétur heilsaði mér, 12 ára stráklíng innilega, þegar ég mætti honum með mikinn hrossarekstur á förnum vegi, og þekkti hann mig þó að sjálfsögðu ekki, kúasmala uppi í Stafholtstungum, þótt hann hefði áður fyrr séð mig heima á Skólavörðustíg. H.u.b. 20 árum síðar kom Pétur óforvarandisk á héraðsmót Sjálfstæðismanna á Rangárvöllum, þar sem ég átti að halda ræðu, og var hann þá enn með hrossarekstur. Á slíkum ferðum lærði Pétur að þekkja landið og kyntist fjölda manna.

Um langt árabíll var hann illa haldinn af magasári. Af þeim sökum þoldi hann illa erfiðisvinnu við bú sitt og ofbauð sér þar þó öðru hvoru. Enginn efi er heldur á því, að hann varð af þessari ástæðu um skeið viðskotaverri á mannfundum, enda hafði hann þá það til að yfirgefa fundarsal með hurðaskellum, ef honum líkaði ekki. Á meðan hann var verst haldinn, leitaði hann sér eitt sumar hvíldar með því að fara með vita- bátnum umhverfis land og kom þá í alla eða nær alla vita landsins. Á þennan hátt lét hann veikindin verða sér til fróðleiks og aukinnar þekkingar á eigin landi.

Síðar fór Pétur til uppskurðar í London. Hann rómaði mjög alla fyrirgreiðslu, sem hann hlaut þar og aðbúnað á sjúkrahúsi.

Í þeirri ferð fékk hann fullan bata og varð síðan mun mildari í skapi en áður. Eftir það setti hann mjög færir að fara til annarra landa, og mun hann að lokum hafa verið orðinn flestum Íslendingum víðförulli. Ætíð eimdi þó eftir af hans gömlu ákefð og hörku, við sjálfa sig og aðra, ef því var að skipta. Á meðan landhelgisdeilan síðari stóð var hann t.d. eitt sinn á leið með flugvél til Kaupmannahafnar. Flugvélin lenti þá í Glasgow og voru farþegar beðnir að fara inn í flugstöðina á meðan á dvölinni stæði. Pétur neitaði því harðlega, kvaðst ekki mundu stíga fæti á brezka grund og sat sem fastast.

Á síðast liðnu sumri um það bil, sem hann varð áttæður, fór Pétur á fund í Finnlandi á vegum bændasamtakanna. Þar gengu þá hitar miklir og fékk Pétur yfirlið, svo að hann féll niður á götu úti. Ekki lét hann það á sig fá, heldur hélt áfram för sinni jafnskjótt og hann wáknaði úr rotinu. Skömmu eftir að heim kom, fór hann fljúgandi til Íslendinga-byggða í Grænlandi, en varð fyrir hnjaski vegna óvenju mikils veltings vélarinnar sökum misvindis. Nokkru síðar kom Pétur heim til mín, sagði okkur frá ferðinni og kvaðst staðráðinn í því að fara aftur þangað vestur af því, að veður hefði hindrað hann í að sjá allt, er hugur hans girntist.

Þannig var fróðleiksfýsn Péturs óseðjandi allt til æviloka. Hugur hans var ætíð opinn, skynsemin skörp og dómgreindin sívakandi. Hann sá og reyndi fleira en flestir hans samtíðarmenn og því er ekki furða, að hann yrði áður en yfir lauk með víðsýnustu mönnum, sem Ísland hefur alið.